







# KAERA, DAGBÓK



2





Blaðsíðutal vísar í ábendingar til kennara sem fylgja hverjum kafla (opnu) ásamt fjölbreyttum verkefnum til að velja úr og prenta út af vefsíðu Menntamálastofnunar.



Texti lesinn á hljóðbók á [www.mms.is](http://www.mms.is)



Verkefni sem á að leysa í bókinni.



Verkefni þar sem krossa á við rétt svar.



Atriði sem gott er að læra utan að.



## Kæra dagbók 2

ISBN 978-9979-0-2529-0

© 2008 Jóhanna Kristjánsdóttir

© 2008 teikningar Íris Auður Jónsdóttir

Myndir á bls. 13 og 21 eru eftir Andra Álfsson

Hulda K. Daníelsdóttir veitti faglega ráðgjöf.

Útlit og umbrot og kápa: Námsgagnastofnun

Ritstjóri: Sýlvía Guðmundsdóttir

1. útgáfa 2008

önnur prentun 2014

þriðja prentun 2018


fjórða prentun 2020

Menntamálastofnun

Kópavogi


Prentvinnsla: Litróf ehf. – umhverfissvottuð prentsmiðja

# 1. Fjölskyldan flytur



Mamma og pabbi eru búin að fá nýja vinnu.  
Fjölskyldan þarf að flytja frá Sandeyri suður til Reykjavíkur.  
Símon og Sonja fara í nýjan skóla.

Þegar skólinn er búinn fer fjölskyldan í vinnuferð um Ísland.  
Sonja og Símon ætla að halda áfram að skrifa dagbók.  
Þau ætla líka að skrifa póstkort og tölvupóst.




dagbók




húsbíll




póstkort



tölvupóstur



# 2. í Faxaskóla



STUNDA SKRÁ				
Mán	Tue	Þrið	Em	För
08:00-09:00	Mat	Mat	Mat	Mat
09:00-10:00	Sum	Skóli	Skóli	Skóli
10:00-11:00	Skóli	Skóli	Skóli	Skóli
11:00-12:00	Mat	Mat	Mat	Mat
12:00-13:00	Mat	Mat	Mat	Mat
13:00-14:00	Mat	Mat	Mat	Mat
14:00-15:00	Mat	Mat	Mat	Mat
15:00-16:00	Mat	Mat	Mat	Mat

stundaskrá




skólasafn



kór



félagsmiðstöð



Febrúar

Kæra dagbók!

Mér fannst ekki erfitt að koma í nýja skólann! Skólinn heitir Faxaskóli.

Í skólanum eru krakkar frá mörgum löndum. Ég er búinn að fá stundaskrá og skólareglur. Ég get farið á fótboltaæfingu þrisvar í viku. Sonju finnst gott að geta lesið á skólasafninu. Hún ætlar í kór tvisvar í viku. Kórinn æfir í félagsmiðstöðinni. Ég hlakka til að fara í ferðina um Ísland í sumar.

Bless, Símon.


**GLÓSUBÓKIN** \_\_\_\_\_ hlakka til \_\_\_\_\_

erfitt \_\_\_\_\_

krakkar \_\_\_\_\_

skólareglur \_\_\_\_\_

æfingu: æfing \_\_\_\_\_





Í Faxaskóla eru krakkar frá mörgum löndum.  
Allir krakkarnir geta talað íslensku.



Hvaðan eruð þið?  
Hvaða mál talið þið?



Hvaðan ertu?



Ég er frá Tælandi.  
Ég tala tælensku  
og íslensku.



Við erum frá Póllandi.  
Við tölum pólsku.



Ég er frá Húsavík.  
Ég tala íslensku.

ég	er
þú	ert
hann/hún/það	er
við	erum
þið	eruð
þeir/þær/þau	eru

ég	get
þú	getur
hann/hún/það	getur
við	getum
þið	getið
þeir/þær/þau	geta



**Skrifaðu rétt orð.**

Við \_\_\_\_\_ frá Póllandi.  
Ég \_\_\_\_\_ Tælandi.  
Hún \_\_\_\_\_ Íslandi.  
Hann \_\_\_\_\_ Spáni.


\_\_\_\_\_ þið \_\_\_\_\_ Íslandi?  
\_\_\_\_\_ þú \_\_\_\_\_ Póllandi?  
\_\_\_\_\_ þær \_\_\_\_\_ Víetnam?  
Þau \_\_\_\_\_ Pólandi.



**Skrifaðu rétt orð.**

geta – geta ekki

Ég \_\_\_\_\_ lesið á safninu, sagði Sonja.  
Símon, þú \_\_\_\_\_ farið í fótbolta.  
Sonja og Símon \_\_\_\_\_ ekki talað tælensku.  
Sonja \_\_\_\_\_ lesið á safninu.  
Við \_\_\_\_\_ talað íslensku, sagði Símon.  
Þið \_\_\_\_\_ öll lært íslensku, sagði kennarinn.  
Sonja, þú \_\_\_\_\_ ekki borðað bíl.



# 3. í höfuðborginni



beygja til vinstri



beygja til hægri



beint áfram



langt frá      stutt frá

Mars


Kæra dagbók!

Það er frí í Faxaskóla í dag af því að það er öskudagur. Ég þarf ekki að fara með strætó í skólann af því að hann er stutt frá húsinu okkar. Ég fer yfir gangbrautina hjá bensínstöðinni. Svo þarf ég að beygja til vinstri hjá búðinni og fara aftur yfir gangbraut hjá skólanum. Ég fer til Ásu námsráðgjafa á fimmtudaginn. Hún ætlar að hjálpa mér með námið. Ég er búin að skrifa Rósu. Ég sakna hennar!

Bless, elsku dagbók,  
Sonja

**GLÓSUBÓKIN**

frí	bakaríinu: bakarí
öskudagur	gangbrautina: gangbraut
þarf: þurfa	námsráðgjafa: námsráðgjafi
strætó	námið: nám
	sakna





## Hjá námsráðgjafanum.



## Dragðu línu.

Af hverju ...?

Af hverju var frí í skólanum?

Af hverju þarf Sonja ekki að fara með strætó?

Af hverju er gaman á bolludaginn?

Af hverju þarf Sonja að fara til námsráðgjafans?

Af hverju hlakkar Símon til?

Af hverju gat Sonja ekki lesið bækurnar?

Af því að ...

Af því að hún hafði ekki tíma.

Af því að hún þarf að læra svo mikið.

Af því að hann fer í ferðalag.

Af því að það var öskudagur.

Af því að allir fá bollu.

Af því að skólinn er stutt frá.



bolludagur



öskudagur



sprengidagur



## Skriðu rétt orð.

\_\_\_\_\_ þú að fá hjálp?



Við \_\_\_\_\_ ekki að fara í skólann í dag.

Já, ég \_\_\_\_\_ að lesa svo mikið.


Af hverju \_\_\_\_\_ þið ekki að fara í skólann?

Þarft \_\_\_\_\_ að fara á fótboltaæfingu?

\_\_\_\_\_ þurfum að fara yfir gangbraut.



# 4. Sumarið er komið!




áttaviti



húsbíll



Didda og Palli




hringvegurinn/  
þjóðvegur

Kæra dagbók! Júní

Við lögðum af stað í morgun af því að nú er skólinn búinn. Húsbíllinn okkar er flottur! Didda og Palli fara með okkur. Þau eru í öðrum bíl. Fyrstu dagana verðum við í Borgarfirði. Síðan förum við vestur, norður, austur og svo suður aftur! Við förum hringinn í kringum Ísland. Við erum með tölvu, landakort, áttavita og margar bækur um landið. Okkur þarf ekki að leiðast í ferðalaginu!

Bless, Símon

GLÓSUBÓKIN	
lögðum af stað: leggja af stað	síðan
flottur	hringinn í kringum = umhverfis
öðrum: annar	ferðalaginu: ferðalagið
fyrstu: fyrstur	þarf: þurfa
	leiðast








## Áttirnar.

Norður (N) – ↑ upp





Vestur (V) – ← til vinstri

Suður (S) – ↓ niður

Austur (A) – → til hægri



## Skriðu áttina.



## Skoðu landkort af Íslandi. Finndu staðina. Krossaðu í réttan reit.

	VESTUR-land	NORÐUR-land	AUSTUR-land	SUÐUR-land
Akureyri	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Stykkishólmur	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Egilsstaðir	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Ísafjörður	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Vestmannaeyjar	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Mývatn	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Borgarnes	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>



Sonja, ég þarf að fá landkortid.

Af hverju?



Af því að ég þarf að skoða leiðina.



Ég þarf líka að skoða leiðina. Þú getur fengið kortið á eftir.




### Leifur heppni

hét Leifur Eiríksson.  
Eiríkur pabbi hans fann  
Grænland  
Leifur var heppinn!  
Hann fann Ameríku.  
Stytta af Leifi er  
við Hallgrímskirkju  
í Reykjavík.




# 5. Í Borgarfirði



búa til mat



vaska upp



laga til



smyrja brauð – skera grænmeti

Elsku dagbók!

Júní

Didda og Palli eru skemmtileg. Palli ætlar að búa til matinn þessa viku. Hann er góður kokkur og kann líka að baka. Við Símon eigum að hjálpa honum að skera grænmetið og smyrja brauð. Svo þarf að laga til og vaska upp. Mér þykir það bara gaman! Í gær fórum við með mömmu á sýningu í Borgarnesi. Nú veit ég að fyrsta fólkið kom til Íslands fyrir meira en 1000 árum.

Bless, Sonja

## GLÓSUBÓKIN

skemmtileg(ur)

viku: vika = 7 dagar

kokkur

sýningu: sýning

veit: vita

fyrsta: fyrstur

fólkið: fólk

fyrir 1000 árum =

fyrir löngu (síðan)





## Kvöldmatur.



Á morgun ætla ég að grilla.

Ég skal kaupa í matinn.

Ég skal smyrja brauð.

Ég skal skera grænmetið.

Ég skal baka köku.

Ég skal vaska upp.



## Skriðu rétt nöfn.



Hver ætlar að kaupa í matinn? Didða ætlar að kaupa í matinn.

Hver ætlar að baka köku? \_\_\_\_\_

Hver ætlar að grilla? \_\_\_\_\_

Hver ætlar að vaska upp? \_\_\_\_\_

Hver ætlar að skera grænmeti? \_\_\_\_\_

Hver ætlar að smyrja brauð? \_\_\_\_\_

*að elda mat*

*að vaska upp*

*að smyrja brauð*

*að veiða fisk*

*að taka til*

*að grilla*



## Skemtilegt eða leiðinlegt?

Mér þykir \_\_\_\_\_ .

Mér þykir \_\_\_\_\_ .

Mér þykir \_\_\_\_\_ .



Mér þykir \_\_\_\_\_ .

Mér þykir \_\_\_\_\_ .


Mér þykir \_\_\_\_\_ .

Honum Símoni þykir \_\_\_\_\_ að skera grænmeti.

Henni Sonju þykir \_\_\_\_\_ að þrifa.




# 6. Á Snæfellsnesi




heitt – hiti



kalt – kuldi



logn



vindur

8. júlí

Sæl öll!

Það er mjög gaman í ferðinni.  
Mamma og pabbi eru alltaf að vinna.  
Líka Didda og Palli.

Þau eru jarðfræðingar  
eins og mamma og pabbi.  
Þau mæla jarðhita á hverjum degi.  
Við erum alltaf að fylgjast með  
veðurspánni.

Pabbi vonar að það verði alltaf gott veður.  
Mamma heldur að það verði oft  
rigning og rok.

Megum við koma í heimsókn í haust?

Kær kveðja, Sonja og Símon



Fjölskyldan

Brekku

1088 – Sandabyggð

GLÓSUBÓKIN	
líka	fylgjast með
jarðfræðingar: jarðfræðingur	veðurspánni: veðurspá
mæla	vonar: vona
jarðhita: jarðhiti	heldur: halda
	megum: mega (má)







## Í vinnunni.



## Skrifaðu rétt orð.



## Skoðaðu veðrið á Snæfellsnesi.




11°	



Hvernig er veðrið í dag?


Hvernig var veðrið í gær?

# 7. Á leið til Vestfjarða



kort – póstkort



bréf



póstkassi



frímerki

15. júní

Hæ Daníel!

Nú erum við á ferjunni á leið til Vestfjarða. Ég ætla að kaupa frímerki og setja kortið í póst þegar við finnum póstkassa. Ég er alltaf að teikna það sem ég sé. Palli skrifar íslensk orð við myndirnar til þess að hjálpa mér að læra ný orð. Við erum búin að sjá mörg fjöll og eyjar. Í dag er ég búinn að sjá bæði hval og seli. Sonja er alltaf að lesa um landnámsmenn.

Þinn vinur, Símon



Daníel Sverrisson

Selabraut 7

1087- Sandeyri

## GLÓSUBÓKIN

ferjunni: ferja

á leið – á leiðinni

Vestfjarða: Vestfirðir

finnum: finna


sé: sjá

hjálpa mér

fjöll: fjall

landnámsmenn:

landnámsmaður



## Teikningin hans Símonar.




### Í hvaða reit eru þessi orð?

eyja \_\_\_\_\_ bátur \_\_\_\_\_ selur \_\_\_\_\_ hvalur \_\_\_\_\_ sól \_\_\_\_\_ fuglar \_\_\_\_\_  
 ský \_\_\_\_\_ ferja \_\_\_\_\_ viti \_\_\_\_\_ rigning \_\_\_\_\_ fugl \_\_\_\_\_



Símon, ertu búinn  
að skrifa kort?



Já, ég er búinn að skrifa  
kort en ég er ekki búinn að  
setja það í póst.

að teikna mynd.

að taka mynd.

að elda mat.

að mæla hitann.


að skrifa kort.

að lesa mikið.



### Skriðu rétt orð.


Símon er búinn \_\_\_\_\_  
 Sonja er \_\_\_\_\_  
 Palli er \_\_\_\_\_  
 Didda er \_\_\_\_\_  
 Símon er \_\_\_\_\_  
 Sonja er \_\_\_\_\_



# 8. Á Hrafnseyri



stuttur – langur



vinna – tapa



lágt – hátt



margir – fáir

eSemja skilaboð

Hjálp Loka

Til:

Titill:

Vista Senda

Hæ Rósa!

Netið er komið í lag. Frábært!

Ég er búin að skoða marga vefi um Ísland.

Mér finnst Fuglavefurinn skemmtilegur.

Mér finnst líka gaman að skoða vefinn um Hrafnseyri.

Við vorum á íþróttamóti á Hrafnseyri í gær.

Sumir unnu gullverðlaun, sumir silfur og sumir brons.

Við fórum á safnið um Jón Sigurðsson.

Skemmtilegast var samt að fara út á Látrabjarg.

Ég hef aldrei séð svona marga fugla!

Skrifaðu fljótt!

Sonja

Skoðaðu [www.hrafnseyri.is](http://www.hrafnseyri.is) og [www.nams.is/fuglar](http://www.nams.is/fuglar)

**GLÓSUBÓKIN**

Netið = Internetsamband	íþróttamóti: íþróttamót
frábært	sumir
skoða	aldrei – alltaf – stundum
vefi: vefur	unnu: vinna (fá)
	marga: margur







Hann stekkur **langt**.



Hann stekkur **lengra**.



Hún stekkur **lengst**.



Hann stekkur **hátt**.



Hún stekkur **hærra**.



Hann stekkur **hæst**.

## Úrslit.

	Hástökk	Langstökk
Símon	115 sm	170 sm
Sonja	110 sm	175 sm
Didda	170 sm	350 sm

	Hástökk	Langstökk
Palli	150 sm	390 sm
mamma	165 sm	340 sm
pabbi	165 sm	410 sm



## Krossaðu í réttan reit.

Hástökk

já

nei

Stökk Sonja hærra en Símon?

Stökk mamma hærra en Palli?

Stökk Didda hæst?

Langstökk

já

nei

Stökk pabbi lengst?

Stökk Símon lengra en Sonja?

Stökk Palli lengra en pabbi?



## Skoðaðu orðin og skrifaðu á réttan stað.



núna/í dag/oft

áður/í gær/búið

ég skrifa

ég skrifaði

ég skoða

ég skoðaði

ég teikna

ég teiknaði

ég baka

ég bakaði



Ég \_\_\_\_\_ mynd í gær.

Ég \_\_\_\_\_ Rósu áðan.

Ég \_\_\_\_\_ oft með Palla.


Ég \_\_\_\_\_ köku í gær.

Ég \_\_\_\_\_ oft landakortið.

Ég \_\_\_\_\_ oft fuglavefinn.


Ég \_\_\_\_\_ Daníel í gær.

Ég \_\_\_\_\_ í dagbókina  
á hverjum degi.





### Jón Sigurðsson


Jón fæddist á Hrafnseyri  
17. júní 1811.  
Þá var Ísland  
undir danskri stjórn.  
Jón barðist fyrir  
sjálfstæði Íslands.  
17. júní er núna  
þjóðhátíðardagur.




# 9. Á Ísafirði



hjólabretti




heill – brotinn



spelka



í fótbolta



GLÓSUBÓKIN	
renna mér: renna sér	lita
datt: detta	nokkra: nokkur
fingurinn – fingurnir: fingur	bið að heilsa: skilaðu kveðju
spelku: spelka	brött: brattur
	krökkunum: krakki





## Á hárgreiðslustofu.

Vala



sítt hár

Matti



stutt hár

Á ég að klippa þig stutt?



Já, viltu líka lita hárið rautt.

Lísa



krullað hár

Sonja



slétt hár

Petra



ljóst hár

Anna



dökkt hár

Didda



litað hár

Mamma



strípur



## Skriðu rétt orð.

Sonja er með \_\_\_\_\_. Matti er með \_\_\_\_\_. Mamma er með \_\_\_\_\_.

Didda er með \_\_\_\_\_. Lísa er með \_\_\_\_\_. Anna er með \_\_\_\_\_.



## Hver skrifaði þetta? Krossaðu í réttan reit.



Ég datt í gær.

Sonja

Símon

bæði

Palli og Didda eru skemmtileg.

Skemmtilegast var að fara út á Látrabjarg.

Það var ekki erfitt að byrja í Faxaskóla.

Það er mjög gaman í ferðinni.



## Skóðu orðin og skrifuðu á réttan stað.



Ég \_\_\_\_\_ í gær.

Ég \_\_\_\_\_ alltaf grænmetið.

Ég \_\_\_\_\_ í fótbolta í gær.

Sonja \_\_\_\_\_ í klippingu í gær.



Ég \_\_\_\_\_ út á Látrabjarg í gær.

Ég \_\_\_\_\_ grænmetið áðan.

Ég \_\_\_\_\_ í klippingu í dag.


Símon \_\_\_\_\_ í gær.

núna/í dag/oft	áður/búið/í gær
ég fer	ég fór
ég dett	ég datt
ég sker	ég skar





## Vigur


er lítil eyja í Ísafjarðardjúpi. Í eyjunni er mikið af æðarfugli en þar eru fá hús og fáir krakkar.




# 10. Á Akureyri



röndótt



doppótt



köflótt



rósótt

Akureyri í júlí

Kæra Nína.

Mér datt í hug að senda þér kort.

Það er frá Hólum í Hjaltadal.

Við vorum þar í fyrradag.

Við erum búin að sjá svo margt,

bæði fjöll og fossa, blóm og dýr.

Ég er búin að læra mikið um Ísland.

Það er mjög gaman hér á Akureyri.

Í gær fórum við í garð

sem heitir Lystigarðurinn.

Í dag erum við búin að fara í búðir.

Ég fékk nýjar gallabuxur.

Í kvöld ætlum við Símon í bíó með Palla.

Sonja



Nína M. Jónsdóttir

kennari

Austurgötu 16

1087- Sandeyri

## GLÓSUBÓKIN

datt: detta

mér datt í hug: ég fékk hugmynd


í fyrradag – í gær

í dag – í kvöld

bíó

fossa: foss

búðir: búð





## Í búðinni.

Jakinn er of víður.



Buxurnar eru of síðar.



Jakinn passar alveg á mig.



Jakinn er of þröngur á mig.



Kjöllinn er of stuttur.



## Dragðu línu á milli andheitanna.

þröngur	stuttur	þröngt	stutt
grannur	feitur	ljóst	vítt
síður	víður	sítt	dökkt



## Pabbi skoðaði buxur, trefla og göngustafi í búðinni.



langur trefill



lengri trefill



stuttur stafur



styttri stafur



víðar buxur



víðari buxur



síðar buxur



síðari buxur



## Skriðu rétt orð.

Palli notar \_\_\_\_\_ buxur en mamma.

Didda á \_\_\_\_\_ trefil en Palli.

Sonja notar \_\_\_\_\_ göngustaf en Símon.

Pabbi á \_\_\_\_\_ buxur en Didda.



## Skriðu rétt orð.



\_\_\_\_\_ jakki



\_\_\_\_\_ jakki




\_\_\_\_\_




\_\_\_\_\_



**Hólar í Hjaltadal**  
 Á Hólum var biskup í gamla daga. Núna er vígslubiskup á Hólum og nokkrir skólar. Þar er gömul kirkja.



# 11. Við Mývatn



eldfjall



hver



tröll



bjart – dimmt

e Semja skilaboð

Til: daniel@sandeyri.is

Titill: Kveðja

Vista Senda

Hjálp Loka

Hæ Daniel!

Sonja týndist í dag.

Hún var að skoða fugl úti í hrauni og festi fótinn ofan í gjótu.

Mamma, pabbi, Didda og Palli fóru að leita. Þau fundu hana fljótt.

Palli kann að veiða með flugu og maðki.

Á morgun má ég fara með honum.


Í gærkvöldi las Sonja fyrir mig bók um tröll. Ég var ekkert hræddur!

Núna er líka bjart alla nóttina.

Í fyrrakvöld fórum við upp á lítið eldfjall og í gær skoðuðum við heita hver.

Þinn vinur, Símon

GLÓSUBÓKIN	
týndist: týnast	fundu: finna
skoða	fljótt
festi: festa	veiða
ofan í gjótu	í gærkvöldi
	í fyrrakvöld





## Krossaðu í réttan reit.



Sonja týndist.

í dag

á morgun

í gær

í gærkvöldi

í fyrrakvöld

Símon fer að veiða.

Sonja las fyrir Símon.

Farið í fjallgöngu.



## Skrifaðu rétt orð.

Þau \_\_\_\_\_ núna við Mývatn.

Áður \_\_\_\_\_ þau á Akureyri.


Nóttin \_\_\_\_\_ björt á sumrin.

Það \_\_\_\_\_ gaman á Akureyri.

Símon, þú \_\_\_\_\_ alltaf að teikna.

Við \_\_\_\_\_ búin að vaska upp.

Þau \_\_\_\_\_ fljót að vaska upp í gær.



## Teikningin hans Símonar.





## Í hvaða reit eru þessi orð?

vegur \_\_\_\_\_ mýflugur \_\_\_\_\_ tjald \_\_\_\_\_

önd \_\_\_\_\_ fjall \_\_\_\_\_ hraun \_\_\_\_\_

fugl \_\_\_\_\_ stöðuvatn \_\_\_\_\_ tröll \_\_\_\_\_





syngja



spila



tjalda



kveikja bál

## Ásbyrgi í júlí

Sæll Jónas.  
 Við erum núna í Ásbyrgi.  
 Það eru margir ferðamenn hérna.  
 Við sáum Dettifoss í gær.  
 Hann er rosalega flottur.  
 Við fáum stundum að sofa í tjaldi  
 og stundum kveikjum við bál.  
 Palli kann að spila á gítar.  
 Hann er alltaf að kenna okkur  
 lög og vísur.  
 Við erum búin að læra margar vísur.  
 Nú syngjum við mest á íslensku.  
 Skilaðu kveðju til allra,  
 Sonja og Símon



Jónas Jónsson  
 íþróttakennari  
 Holtagötu 5

1087 – Sandeyri

## GLÓSUBÓKIN

sáum: sjá

ferðamenn: ferðamaður

rosalega

lög: lag


vísur: vísa

syngjum: syngja

mest: mikið – meira – mest

skilaðu: skila

kveðju: kveðja








## Skoðaðu orðin og skrifaðu á réttan stað.

Nú \_\_\_\_\_ við saman „Sá ég spóa“, sagði Palli.

Ég \_\_\_\_\_ bara ef þú spilar á gítarinn, sagði Sonja.

Mikið \_\_\_\_\_ þið vel, sagði Palli.

Pabbi, þú \_\_\_\_\_ allt of hátt, sagði Símon.



## Krossaðu í réttan reit.



kann – kann ekki

Sonja kann mikið um fugla.

Jón Sigurðsson fæddist á Ísafirði.

Símon kann að keyra bíl.

Didda kann ekki að spila á gítar.

Sonja kann margar vísur.

Sonja kann að segja sögu.

Palli kann að veiða með flugu.

Símon kann ekki að teikna.

rétt rangt



## Hvar gerðist þetta? Dragðu strik á réttan stað.




Símon braut fingurinn.

Símon fékk ís.

Palli eldaði kjötbollur.

Allir horfðu á íþróttir.

við Mývatn



Didda litaði hárið rautt.

Sonja fékk gallabuxur.

Sonja týndist.

Palli fór að veiða.



## Skrifaðu rétt orð.

Didda er með \_\_\_\_\_ hár.


Sonja situr í \_\_\_\_\_ grasi.

Palli er \_\_\_\_\_ að elda.


Mamma er \_\_\_\_\_ en Sonja.

Myndin hans Símonar er \_\_\_\_\_.

Húsbíllinn er mjög \_\_\_\_\_.



# 13. Á Egilsstöðum



í fríi




flýta sér




róa



ormur



GLÓSUBÓKIN	
á vatninu: á stöðuvatninu	fékk: fá
orminn: ormur	styttur: stytta
vorum: vera	greyið: grey
tombólu: tombóla	flýta mér: flýta sér
	af því að





Af hverju ertu í lopapeysu?



Af því að mér er svo kalt.



### Dragðu línu í rétta setningu.

af því að = vegna þess að

Símon fékk spelku

af því að þau voru búin að vinna svo mikið.

Sonja fékk nýjar gallabuxur

af því að hún var að skoða fugl.

Mamma og pabbi voru í frí

af því að gömlu buxurnar rifnuðu.

Sonja festi sig í hrauni

af því að hann fingurbrotnaði.



Af hverju ertu að horfa ofan í vatnið?

Þú ert að plata!

Af því ég sé stóran orm



stór




lítill



stærri



minni



stærstur



minnstur



### Krossaðu við rétt svar.



Ég má keyra bíl.

segir satt

segir ósatt = er að plata



Ég má vinna í búð.



Ég má vaska upp.



Ég má taka mynd.



Ég má fljúga flugvél.




Ég má róa ein.




#### Hallormsstaða-skógur

er stærsti skógur á Íslandi. Trén eru lengi að vaxa á Íslandi af því að sumrin eru stutt og veturnir langir.



# 14. Á Hornafirði



brekka



jafnslétta



holóttur vegur



beygjur

e Semja skilaboð

Hjálp Loka

Til: daniel@sandeyri.is

Titill: Skrifaðu fljótt!


Vista Senda

Halló Daníel.  
 Ég er alltaf að bíða eftir bréfi frá þér.  
 Er Netið ekki í lagi?  
 Nú erum við á Höfn í Hornafirði.  
 Á leiðinni hingað sprakk dekk.  
 Það var gott að við vorum á jafnsléttu  
 en ekki í brekku!  
 Vegurinn er svo vondur  
 af því að það er búið að rigna svo mikið.  
 Það voru margar holur og beygjur á veginum.  
 Við fórum á verkstæði  
 og nú er búið að gera við dekkið.

Bless, Símon

**GLÓSUBÓKIN**

bíða	brekku: brekka
á leiðinni	holur: hola
sprakk: springa	beygjur: beygja
jafnsléttu: jafnslétta	gera við: laga





### Dragðu línu í rétta setningu.

#### Hvenær?

- Hvenær fóru Símon og Palli að veiða?
- Hvenær litaði Didda á sér hárið?
- Hvenær keypti Sonja buxur?
- Hvenær fór Símon í fótbolta?
- Hvenær eldaði Palli kjötbollur?
- Hvenær festi Sonja sig í hrauni?
- Hvenær sprakk dekkið?

#### Þegar ...

- Þegar hann var á Ísafirði.
- Þegar hún var við Mývatn.
- Þegar hún var á Akureyri.
- Þegar þeir voru við Mývatn.
- Þegar hann var í Borgarfirði.
- Þegar hún var á Ísafirði.
- Þegar þau voru á leiðinni til Hornafjarðar.



### Skrifaðu rétt orð.

- \_\_\_\_\_ að keyra í marga daga.
- \_\_\_\_\_ að lesa margar bækur.
- \_\_\_\_\_ að veiða marga fiska.
- \_\_\_\_\_ að lita á sér hárið.
- \_\_\_\_\_ að teikna flotta mynd.
- \_\_\_\_\_ að kaupa í matinn?
- \_\_\_\_\_ að gera við dekkið?
- \_\_\_\_\_ að skrifa mér bréf?

- Sonja er búin
- Símon er búinn
- Palli er búinn
- Didda er búin
- Við erum búin
- Eru þeir búnir
- Eruð þið búnir
- Ertu búin




### X Af hverju var vegurinn á fjallinu vondur og holóttur?

- Af því að það var búið að rigna.
- Af því að veðrið var svo gott.
- Af því að sólin skein.




#### Vatnajökull

er stærsti jökullinn á Íslandi. Í jöklinum er líka hæsta fjallið. Það heitir Hvannadalshnjúkur.



# 15. Á Suðurlandi



Gullfoss



Geysir



Hekla



Þingvellir

Ágúst

Kæra dagbók.

Við erum búin að sjá Gullfoss og Geysi.  
Hjá Geysi sáum við hver vera að gjósa.  
Það var æði!

Hekla sést líka oft.

Við vorum eina nótt á Þingvöllum.

Ég er búin að lesa og skoða flottan vef  
um Þingvelli ([www.thingvellir.is](http://www.thingvellir.is)).

Við komum til Reykjavíkur eftir tvo daga.

Þá koma Rósa og Daníel í heimsókn.

Ég hlakka til að sýna Rósu Reykjavík.

Næsta vetur ætla ég bæði í kór og dans.

Bless, Sonja

## GLÓSUBÓKIN

gjósa

æði


sést: sjá

flottan: flottur

heimsókn

hlakka til

næsta vetur





### Skrifaðu réttan stað.



Hvar fóru krakkarnir á tombólu? \_\_\_\_\_

Hvar voru bæði selir og hvalir? \_\_\_\_\_

Hvar spilaði Palli á gítar? \_\_\_\_\_

Hvar var gert við dekkið? \_\_\_\_\_

Hvar sváfu Sonja og Símon í tjaldi? \_\_\_\_\_



### Skoðaðu orðin og skrifaðu á réttan stað.


Sonja: Rósa, \_\_\_\_\_ þú ekki í heimsókn til Reykjavíkur?

Rósa: Jú, ég \_\_\_\_\_ í haust.

Sonja: En Daníel?

Rósa: Við \_\_\_\_\_ bæði.

Sonja: Þá \_\_\_\_\_ þið með okkur í sund.



### Skrifaðu rétt orð.

Sonja og Símon fóru í ferðalag \_\_\_\_\_ Ísland.

Þau lögðu \_\_\_\_\_ stað þegar skólinn var búinn.

Þau fóru bæði til Ísafjarðar \_\_\_\_\_ Akureyrar.

Mömmu finnst bara gaman úti \_\_\_\_\_ veðrið er gott.

Sonja festi sig \_\_\_\_\_ hrauni.

Þau fóru með bílinn \_\_\_\_\_ verkstæði.



### Skrifaðu orðið í réttan dálk.

Jákvæð orð



Neikvæð orð



\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_


\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_


\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_



# 16. Komin heim til Reykjavíkur



raka



smíða



mála



slá



Ágúst

Kæra dagbók

Það var æðislega gaman í sumar.

Það var líka gott að koma heim.

Pabbi er búinn að smíða pallinn.

Og mamma er búin að mála gluggana.

Daníel og Rósa voru í heimsókn í fjóra daga.

Við vorum að slá og raka með pabba og mömmu.

Svo fórum við saman að skoða höfuðborgina.

Við sáum Hallgrímskirkju, Ráðhúsið,

Alþingishúsið og Austurvöll.

Það var gaman að sjá yfir borgina úr Perlunni.

Amma og afi koma í næstu viku.

Svo byrjar skólinn bráðum.

Bess, bless. Símon

## GLÓSUBÓKIN

æðislega

heim

smíða


pallinn: pallur

mála

höfuðborgina: höfuðborg

yfir


bráðum








**Krakkarnir fóru að skoða höfuðborgina.  
Hvaða staði skoðuðu þeir? Skrifaðu rétt númer.**



**1. Alþingishúsið**

Símon og Daníel fóru í Perluna.

Nr. \_\_\_\_\_



**6. Perlan**

Allir krakkarnir fóru í Laugardalslaugina.


Nr. \_\_\_\_\_



**2. Austurvöllur**

Einn daginn fóru krakkarnir í bíltúr  
til Bessastaða.

Nr. \_\_\_\_\_



**7. Hallgrímskirkja**

Sonja og Rósa skoðuðu  
Hallgrímskirkju.


Nr. \_\_\_\_\_



**3. Ráðhúsið**

Þau fóru öll saman í Húsdýragarðinn.

Nr. \_\_\_\_\_



**8. Laugardalslaugin**

Pabbi, mamma og krakkarnir fóru  
saman niður á Austurvöll og skoðuðu  
Alþingishúsið.

Nr. \_\_\_\_\_ og nr. \_\_\_\_\_



**4. Tjörninn**

Sonju og Rósu fannst gaman að skoða  
landakortið í Ráðhúsinu.

Nr. \_\_\_\_\_



**9. Bessastaðir**



**5. Húsdýragarðurinn**


Símon og Daníel fóru niður að Tjörn  
og gáfu öndunum.

Nr. \_\_\_\_\_



**Bessastaðir**

eru stutt frá Reykjavík.  
Þar býr forseti Íslands.  
Núverandi forseti  
heitir Guðni Th.  
Jóhannesson.



# 17. Þetta kann ég núna!







Nú erum við búin að læra enn þá meira í íslensku. Það er stundum erfitt að skilja og muna orðin en við reynum eins og við getum.

Og núna vitum við miklu meira um Ísland en áður! Við vonum að þú hafir gaman af að ferðast með okkur um landið og læra öll nýju orðin.



Bless!  
Sonja og Símon

## Hvað kannt þú núna?

 <b>Krossaðu í réttan reit.</b>	 Ég kann mjög vel!	 Ég kann vel!	 Ég þarf að læra betur!
Ég kann nöfn á 10 tækjum og búsaðöldum.			
Ég kann að tala um hvernig það er að flytja og ferðast.			
Ég kann 10 orð sem eru notuð í skóla og námi.			
Ég kann 10 orð um umhverfi í stórum bæ eða borg.			
Ég kann að tala um mat, matargerð og heimilisstörf.			
Ég kann 10 íslensk orð yfir dýr á landi, sjó og í lofti.			
Ég kann að lýsa veðrinu.			
Ég kann nöfn á fötum og orð til að lýsa fötum.			
Ég kann að stígbreyta nokkur lýsingarorð.			
Ég kann 10 orð um náttúru, útivist, land og sögu.			
Ég þekki nöfn á fuglum og blómum.			
Ég kann að nota 5 sagnorð bæði í nútíð og þátíð.			
Ég þekki heiti á 5 stöðum í Reykjavík.			
Ég þekki heiti á 5 merkum stöðum á Íslandi.			

# Um námsefnið



Þetta námsefni er framhald af bókinni *Kæra dagbók* sem út kom haustið 2007. Eins og í fyrri heftinu er námsefnið ætlað nemendum sem eru að byrja að læra íslensku. Einkum er miðað við nemendur á aldrinum 8–12 ára sem eru læsir á sínu móðurmáli og hafa áður farið í gegnum námsefnið *Kæra dagbók* eða hliðstætt efni. Reynsla kennara af fyrri bókinni hefur þó sýnt að efnið getur nýst bæði yngri og eldri nemendum.

Í námsefninu er sem fyrr gert ráð fyrir að skilningur á mæltu og rituðu máli sem og tjáning þjálfist með skipulegum endurtekningum, meðal annars


- með tengingu orðs við mynd
- í tengslum við samhengi í texta og mæltu máli
- með þátttöku í leikrænni tjáningu, í leik eða spili með sýnikennslu þar sem raunverulegir hlutir eru notaðir til þess að byggja upp orðaforða
- með glósum þar sem leitað hefur verið orðaskýringa í orðabók á móðurmáli nemandans ef þær eru fyrir hendi.

## Efni og uppbygging

### Námsefnið skiptist í

- nemendabókina *Kæra dagbók 2*
- hjóðbók á vef Menntamálastofnunar, [www.mms.is](http://www.mms.is)
- ábendingar til kennara á vefsíðunni, [mms.is](http://mms.is)
- fljölbreytt verkefni í pdf-formi sem unnt er að sækja og prenta út af áður nefndri vefsíðu (5–8 bls. með hverjum kafla).

Nemendabókin skiptist í 16 kafla og er hver kafli ein opna að undanskildum fyrsta og síðasta kaflanum. Uppbygging og skipulag er hið sama og í fyrri bókinni og sögupersónurnar þær sömu. Systkinin Sonja



og Símon flytja til höfuðborgarinnar þar sem þau ganga í nýjan og stærri skóla. Næsta sumar ferðast þau um Ísland með foreldrum sínum og tveimur íslenskum jarðfræðingum. Þau halda áfram að skrifa dagbók en skrifa jafnframt tölvubréf og póstkort til vina og kunningja um það sem er að gerast í ferðinni.

Hafa skal í huga að texti á vinstri blaðsíðu er lesinn, svo og texti á hægri blaðsíðu merktur með



## Vinstri blaðsíða í opnu

- Eins og í fyrri bókinni er efst á blaðsíðunni stór mynd sem er lýsandi fyrir efni kaflans. Við nokkra hluti á myndinni, athafnir og aðstæður eru rituð orð. Út frá þessari mynd mætti fjalla nánar um efnið í samtali og ef til vill kenna fleiri orð og hugtök.
- Í fjögurra mynda röð vinstra megin á opnu síðunni eru orð og hugtök úr textanum útskýrð. Þessi orð, ásamt orðum á stóru myndinni, eru rifjuð upp á verkefnum á vefsíðu.
- Texti sem er ýmist með dagbókarskrifum, tölvubréfum og póstkortum er á síðunni og einnig lítið glósublað sem nemandinn getur t.d. fært yfir á stærra blað sem er á vefsíðu.

## Hægri blaðsíða í opnu

- Hér er að finna verkefni og æfingar sem nemandi getur unnið beint í heftið. Fleiri svipuð verkefni er að finna á vefsíðu sem miðað er við að kennarar sækji, prenti út og noti samhliða kennslu bókarinnar til að auðvelda endurtekningu og þjálfun.
- Á vefsíðu eru einnig áherslur og markmið hvers kafla skilgreind og bent á annað efni og aðferðir sem kennarar gætu nýtt sér, s.s. bækur, vefefni o.fl.
- Í horninu neðst til hægri er örstutt umfjöllun ætluð til að vekja athygli nemenda á nokkrum þekktum stöðum eða sögupersónum. Þessa umfjöllun má dýpka, bæta við fleiri stöðum og persónum, eða sleppa henni.



# KÆRA, DAGBÓK

Námsefnið *Kæra dagbók 2* er samið fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Einkum er miðað við nemendur á aldrinum 8–12 ára sem eru læsir á sínu móðurmáli og hafa áður farið í gegnum námsefnið *Kæra dagbók* eða hliðstætt efni.

Námsefninu er ætlað að uppfylla m.a. þau markmið aðalnámskrár grunnskóla, fyrir íslensku sem annað tungumál, að nemandi geti

- notað íslensku til að tjá hug sinn og þarfir í töluðu máli og skilja aðra
- notað íslensku til að taka þátt í samræðum og leikjum og í daglegum samskiptum við börn og fullorðna
- náð athygli viðmælanda og byrjað og lokið samtölum
- heilsað og kvatt og látið í ljós þakklæti á viðeigandi hátt eftir aðstæðum
- áttað sig á íslenskum kurteisisvenjum og fengið og gefið samþykki og leyfi
- gefið upplýsingar um sjálfan sig og fjölskyldu
- spurt og beðið um útskýringu á orðum og orðatiltækjum

Höfundur er Jóhanna Kristjánsdóttir.

Teikningar eru eftir Írisi Auði Jónsdóttur.

Efnið er fánlegt á hljóðbók á [www.mms.is](http://www.mms.is)



MENNTAMÁLASTOFNUN  
40270